



## 60. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra - Fundargerð -

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 7. febrúar 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Axel Grettisson, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Svæðisskipulag Norðurlands eystra

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, verkefnastjóri SSNE kynnti hugmyndir að vinnu svæðisskipulags fyrir landshlutann. Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE sat einnig fundinn undir þessum lið.

*Stjórn þakkar Sigurborgu fyrir kynninguna og samþykkir að málið verði tekið upp á ársþingi samtakanna í apríl næstkomandi.*

### 2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2024

Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri kynnti þær tillögur að áhersluverkefnum sem nú liggja fyrir. Nú þegar hafa átta verkefni verið samþykkt en í dag liggja fyrir tillögur að fimm verkefnum.

*Stjórn þakkar Elvu fyrir kynninguna og samþykkir að eftirfarandi verkefni fái stuðning:*  
*Áfangastaðaáætlun Norðurhjara – 2.000.000 kr.*

*Samstarf sveitarfélaga – 2.000.000 kr.*

*Sýnileiki matvælaframleiðslu á Norðurlandi eystra – 6.500.000 kr.*

*Guðjón M. Ólafsson og Sigurður Þór Guðmundsson viku af fundi kl. 15.00.*

### 3. Jafnréttisstefna SSNE

Framkvæmdastjóri kynnti uppfærð drög að jafnréttisstefnu SSNE, ásamt tillögum að aðgerðum.

*Stjórn samþykkir stefnuna og felur framkvæmdastjóra að koma henni í framkvæmd og kynningu.*

#### 4. Framlenging samnings um áfangastaðastofur

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu samningaviðræðna milli Ferðamálastofu og landshlutanna um áframhaldandi rekstur áfangastaðastofa landshlutanna.

#### 5. Mál til umsagnar

- a. [585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun](#)  
*Framkvæmdastjóra er falið að vinna umsögn um málið í samræmi við umræður á fundinum.*
- b. [Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu \(Samráðsgátt\)](#)

#### 6. Mál til kynningar

- a. [Umsögn sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um frumvarp til laga um lagareldi](#)
- b. [Fundargerð 93. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál](#)
- c. [Tilkynning um viðbótarframlag vegna vinnu við mótun nýrra sóknaráætla](#)
- d. [Fundargerð 17. fundar stjórnar SSA](#)
- e. [Fundargerð 146. fundar stjórnar Austurbrúar](#)
- f. [Fundargerð 605. fundar stjórnar SASS](#)
- g. [Fundargerð 941. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)
- h. [Boðun XXXIX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

#### 7. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra  
*Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta fundi.*

*Fundi slitið kl. 15.38.*